

Starfsskilyrði fyrir ryðvarnarverkstæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5. gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022 og 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGI Á LÓÐ

	Rgl.nr.
1.1 Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bíflök, bílhuta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slyshættu eða hættu á mengun í jarðvegi. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2 Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða þjónustu skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

	Rgl.nr.
2.1 Hafa skal olúskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur og ryðvarnarefni fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olúskiljur. Senda skal upplýsingar um olúskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykktar. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olúskilju sem hindrar að olía eða ryðvarnarefni berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2 Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olúhreinsa sem hæfa olúskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni	798/1999 5. gr.
2.3 Olúskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olúskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017

2.4	Allar nýjar og endurnýjaðar olúskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli og taka sýni úr frárennslinu ef nauðsyn krefur.	798/1999 5. gr.
2.5	Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.
2.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017
2.7	Staðsetja skal ílát undir efnavöru þ.m.t. olíu og ryðvarnarefni, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	884/2017 43. gr., 50 gr. Rgl. nr. 809/1999 7. gr.

3. MENGUNARVARNIR Í ÚTBLÆSTRI

Rgl.nr.

3.1	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.
3.2	Hafa skal fullnægjandi loftræstingu þar sem unnið er með ryðvarnarefni og olíuhreinsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999
3.3	Útblástursloft frá vinnusvæði skal leiða í gegnum síur áður en það er leitt út úr húsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang.